61

Auglýsing

Það kunngjörist hjermeð, að 1. júlí næstkomandi verður lögð niður póstatgreiðslan á Rauðkollsstöðum í Miklaholtshreppi, og kemur þá í hennar stað brjefhirðing í Gröf í sama hreppi.

Reykjavík 25. júní 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

62

Samþykkt

um hreinsun hunda af bandormum í Norðurmúlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal sjá um að allir hundar í hreppnum sjeu hreinsaðir, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Kostnaður við meðöl, bönd og baðlyf greiðist úr sýslusjóði.

2. gr.

Til hreinsunar hunda skal nota annaðhvort kamaladupt eða arekadupt.

3. gr.

Þá er hreinsuninni er lokið, skal baða hundana úr sterku maurdrepandi baði (t. d. 1 peli creolin móti 9 pottum vatns).

4. gr.

Hreppsnefndin skal, að lokinni seinni hreinsun, gefa oddvita sýslunefndarinnar nákvæma skýrslu um tölu hunda og lækningu á þeim. Skal skýrslan send fyrir 31. desember ár hvert.

5. gr.

Ómerktir flækingshundar, sem enginn vill taka að sjer, skulu rjettdræpir.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða fyrirskipunum samkvæmt henni, varða 5—10 kr. sektum, að svo miklu leyti sem þyngri refsing er eigi lögð við þeim að lögum. Með mál útaf brotum gegn fyrirmælum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Samþykkt um hreinsun hunda af bandormum í Norðurmúlasýslu, dags. 16. maí 1899, er með samþykkt þessari numin úr gildi.

8. gr. 62

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

* * *

Samþykkt af sýslunefnd Norðurmúlasýslu á aðalfundi hennar á Seyðisfirði 18. apríl 1900.

Skrifstofu Norðurmúlasýslu 30. apríl 1900.

Jóh. Jóhannesson.

Reikningur 63

yfir tekjur og gjöld Jóns Sigurðssonar legats 1899.

Tekjur:

I.	Sjóður 1. jan. 1899:				
	a. Í fasteignum	kr. 12,490 00			
	b. Í veðskuldabrjefum	— 18,596 85			
	c. Ógreiddir vextir til 11/6 '98 . . .	— 116 00			
	d. Í sparisjóði Norðuramtsins . . .	— 1,000 00			
	e. Í peningum	— 1,579 65	kr.	33,782	50
II.	Vextir:				
	a. Af leigufje sjóðsins frá 11/6 '98 til 11/6 '99	— 709 21			
	b. Frá ýmsum tímum	— 3 67			
	c. Af inneign í sparisjóði . . .	— 51 97			
	d. Innborgaðir vextir f. 1898 . . .	— 116 00	—	880	85
III.	Jarðarafgjöld:				
	a. Landskuldir í fardögum 1899				
	1185½ al. á 47 a.	— 557 18			
	b. Leigur sama ár				
	385 ál. á 47 a. . . kr. 180,95				
	30 pd. smjör á 56 a. . — 16,80	— 197 75	—	754	93
IV.	Endurborguð lán		—	248	66
V.	Ógreiddir vextir til 11/6 '99		—	20	00
VI.	Til jafnaðar við gjaldal. II.		—	2,500	00
VII.	Til jafnaðar við gjaldal. V.		—	391	97
		Samtals:	kr.	38,578	91

Gjöld:

I.	Hlutdeild Kristness í Staðarbyggðarláni	kr.	32	00
II.	Lánað gegn fasteignarveði	—	2,500	00
III.	Umboðslaun 1/6 af jarðarafgjöldum	—	125	82
IV.	Fyrir úttektir og auglýsingar	—	1	90
V.	Lagt í sparisjóð við árslok	—	391	97
		Flyt: kr.	3,051	69